

Nr. 28.
14.
desbr.

L ö g

um

ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum.

Vjer Christian hinn Niundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Lænborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. grein.

Sýslunefndunum veitist vald til að gjöra samþykktir um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, á þann hátt og með þeim takmörkunum og skilyrðum, er segir í lögum þessum.

2. grein.

Þegar sýslunefnd virðist nauðsynlegt eða hagfellt, að gjöra samþykkt annaðhvort fyrir alla sýsluna, eða fyrir nokkurn hluta hennar, skal hún kveðja til almenns fundar í hjerði því, sem ætlazt er til, að samþykktin nái yfir, og eiga atkvæðisrjett á þeim fundi allir menn í hjerðinu, þeir er kosningarjett hafa til alþingis. Sýslunefndin ákveður fundarstað og fundardag með nægum fyrirvara, en sýslumaður skal vera fundarstjóri, eða einhver hinna kosnu nefndarmanna, ef nefndin svo ákveður. Ef fundarstjóri verður að takast ferð á hendur til fundarstaðarins, fær hann 2 kr. á dag í dagpeninga, og ferðakostnað að auki eptir reikningi, er sýslunefndin úrskurðar, og greiðist sá kostnaður úr sýslusjóði.

3. grein.

Nú er kaupstaður innan takmarka hjerðs þess, sem samþykkt á að ná yfir, og ganga þá 3 menn, er bæjarstjórnin til þess kýs úr sínum flokki, inn í sýslunefndina, ávallt þegar ræða skal um samþykktir þær, er lög þessi hljóða um, og boðar sýslumaður þá á fundi sýslunefndarinnar, þegar slík mál koma fyrir; eiga þeir þá atkvæði um allt það, er samþykktina snertir, á sama hátt og sýslunefndarmenn.

Nr. 28. Lög 14. desbr. um fiskiveiðar á opnum skipum.

L o v

om

 Nr. 28.
14de
Decbr.

forskjellige Punkter vedrørende Fiskeri paa aabne Baade.

**Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark, de
Benders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Rauenborg og Oldenburg,**

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Bort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Sysselforstanderskaberne bemyndiges til at affatte Vedtægter om forskjellige Punkter vedrørende Fiskeriet paa aabne Baade paa den Maade og med de Indskrænkninger og Betingelser, som nærværende Lov foreskriver.

§ 2.

Naar et Sysselforstanderskab finder det nødvendigt eller hensigtsmæssigt at oprette en Vedtægt enten for hele Syslet eller for en Del af samme, har det at indkalde et almindeligt Møde i det Distrikt, for hvilket Vedtægten paatænkes at skulle gjælde, og have paa dette Møde alle de Beboere af Distriktet, som ere valgberettigede til Althinget, Stemmehet. Sysselforstanderskabet bestemmer Stedet og Dagen for Mødet med et tilstrækkeligt Varjel. Forhandlingerne paa Mødet ledes af Sysselformanden eller efter Forstanderskabets Bestemmelse af en anden af dets Medlemmer. Dersom Dirigenten maa foretage en Reise til Mødestedet, erholder han 2 Kr. om Dagen i Diæter og desuden Reiseomkostninger ifølge Regning, som Sysselforstanderskabet deciderer, og som udbetales af Syslets Kasse.

§ 3.

Ligger der en Kjøbstad indenfor det Distrikts Grændser, for hvilket Vedtægten skal gjælde, skulle 3 af Byraadet af dets egen Midte valgte Mænd træde sammen med Sysselforstanderskabet hver Gang der skal forhandles om de i nærværende Lov omhandlede Vedtægter. Disse Mænd tilføres af Sysselformanden til Sysselforstanderskabets Møder, naar saadanne Sager skulle foretages, og have da Stemmeret angaaende Alt, hvad der vedrører Vedtægten, paa samme Maade som Sysselforstanderskabets Medlemmer.

Nr. 28. Lov af 14de Decbr. om Fiskeri paa aabne Baade.

- Nr. 28. Kaupstaðarbúar sækja sameiginlega með sýslubúum fundi þá, sem um er rætt í
 14. desbr. 2. gr., og greiða með þeim atkvæði um samþykktir.

4. grein.

Sýslunefndin ber undir álit og atkvæði funda þeirra, sem um er rætt í 2. gr., frumvörp til samþykktar þeirra, er hún vill koma á.

Nú hafa fundarmenn fallist á frumvarp nefndarinnar með $\frac{2}{3}$ atkvæða þeirra, er greidd hafa verið, og skal þá sýslunefndin senda amtmanni framvarpið til staðfestingar. En ef breytingaruppástungur hafa verið gjörðar við frumvarpið á fundinum og samþykktar með $\frac{2}{3}$ atkvæða, setur sýslunefndin þær inn í frumvarpið, ef henni þykja þær á rökum byggðar og sendir þær síðan amtmanni eins og fyr segir. En álíti sýslunefndin, að breytingaruppástungurnar ekki eigi að takast til greina, ber hún það að nýju undir atkvæði hjeradsmanna, hvort þeir æski að frumvarpið sje staðfest án þessara breytinga, og ef fundurinn þá fellst á frumvarpið með $\frac{2}{3}$ atkvæða, ber að senda það amtmanni til staðfestingar.

Það frumvarp eða breytingar-atkvæði við frumvarp, sem eigi hefur verið samþykkt með $\frac{2}{3}$ atkvæða á hjeradsfundi, er fallið, og má eigi koma fram í nýju frumvarpi sýslunefndar fyrri en að ári liðnu.

5. grein.

Nú virðist amtmanni ákvarðanir í samþykkt, er honum hefir verið send til staðfestingar, ganga of nærri rjetti manna eða þröngva um of atvinnufrelsi, eða að þær á einhvern hátt koma í bága við lög eða grundvallarreglur laganna, og synjar hann þá um staðfesting sína, en gefa skal hann sýslunefndinni til kynna ástæðurnar fyrir neitun sinni. Að öðrum kosti staðfestir hann samþykktina, fyrirskipar um birting hennar og ákveður hvenær hún skuli öðlast gildi, og er hún upp frá því skuldbindandi fyrir alla þá, sem í því hjerði stunda fiskiveiðar á opnum skipum, hvort sem þeir eiga heima í hjerðinu eða eru aðkomandi. Samþykkt þeirri, er amtmaðurinn hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt, en með þeirri aðferð, er hún var stofnuð.

Amtmaður hlutast til um, að samþykktirnar sjeu prentaðar í Stjórnartíðindunum, deildinni B.

6. grein.

Í samþykktum þessum má ákveða um þau atriði, sem áriðandi eru fyrir fiskiveiðar á opnum skipum í því hjerði, er samþykktin nær yfir, svo sem um það, hver veiðarfæri og beitu skuli hafa við fiskiveiðar, á hverjum stað og hverjum árstíma, og eins um það, hvort fiskilóðir og net megi að færu veðri og forfallalaust og af ásettu ráði liggja í sjó yfir nóttu; og hvernig lóða- og netalögnum skuli haga til þess, að fiskigöngum eigi sje varnað um skör fram eða handfæraveiði sje spillt. Svo má og með samþykkt setja reglur fyrir niðurburði fyrir fisk og slægingu á sjó.

Með samþykkt má og banna niðurskurð á hákalli á opnum skipum um skemmri eða lengri tíma árs.

Í samþykkt skal ávallt ítarlega ákveða um eptirlit það, er þarf til þess, að hennar sje gætt, og hvernig kostnað við það skal greiða.

Nr. 28. Lög 14. desbr. um fiskiveiðar á opnum skipum.

Kjøbstadens Indvaanere have i Forening med Sysslets Beboere Udgang til de i Nr. 28. § 2 omhandlede Møder og Stemmeret med Hensyn til Vedtægterne.

14de
Decbr.

§ 4.

Sysselforstanderskabet giver de i § 2 omhandlede Møder Leilighed til at erklære sig og afstemme om Forslag til de Vedtægter, det ønsker stadfæstet.

Naar Forsamlingen har vedtaget Sysselforstanderskabets Forslag med $\frac{2}{3}$ af de afgivne Stemmer, har Forstanderskabet at indsende Forslaget til Amtet til Stadfæstelse. Men er der paa Mødet fremkommet Endringsforslag til Forslaget, som ere blevne vedtagne med $\frac{2}{3}$ af de afgivne Stemmer, optager Sysselforstanderskabet dem i Forslaget, for saa vidt det finder dem begrundede, og indsender derefter Forslaget til Amtet som ovenfor foreskrevet. Anser derimod Sysselforstanderskabet Endringsforslagene for uantagelige, lader det Distriktets Beboere paany afstemme om, hvorvidt de ønske Forslaget stadfæstet uden de omhandlede Endringer, og dersom Forsamlingen da vedtager Forslaget med $\frac{2}{3}$ af de afgivne Stemmer, bør det indsendes til Amtet til Stadfæstelse.

Det Forslag eller de Endringsforslag til et Forslag, som ikke paa et Distriktsmøde er blevet vedtaget med $\frac{2}{3}$ af de afgivne Stemmer, betragtes som bortfaldet og maa ikke gjenoptages i et nyt Udkaft fra Sysselforstanderskabet førend efter et Aars Forløb.

§ 5.

Finder Amtmanden, at Bestemmelserne i en til ham til Stadfæstelse indsendt Vedtægt træde Trediemands Ret for nær eller gjøre for store Indskrænkninger i Næringsfriheden eller paa en eller anden Maade komme i Strid med Lovene eller Lovenes Grundsætninger, nægter han at stadfæste Vedtægten og tilfjendegiver Sysselforstanderskabet Grundene for sit Afslag. I modsat Fald stadfæster han Vedtægten, foranstalter den bekendtgjort samt bestemmer, naar den skal træde i Kraft, og skal den fra dette Tidspunkt være forbindende for Alle, som i vedkommende Distrikt drive Fiskeri paa aabne Baade, hvad enten de høre hjemme i Distriktet eller ere Fremmede. En af Amtet stadfæstet Vedtægt kan kun forandres med Sagtagelse af de samme Former, under hvilke den blev til.

Amtet træffer Foranstaltning til, at Vedtægterne blive optagne i Regjeringstidenden, Afdelingen B.

§ 6.

I de omhandlede Vedtægter kan der træffes Bestemmelser angaaende saadanne Punkter, som ere af Bigtighed for Fiskeriet fra aabne Baade i det Distrikt, for hvilket Vedtægten gjælder, saasom om hvilke Fiskeredskaber og hvilken Madding der skal benyttes til Fiskeriet paa hvert Sted og hver Tid af Aaret, ligesaa om hvorvidt man forsættlig, og uden at Veiret eller andre Omstændigheder gjøre det nødvendigt, maa lade Fiskestænger og Garn ligge i Søen Ratten over, om Reglerne for Line- og Garnsætning, saaledes at Fiskestæmnernes Gang ikke hæmmes for meget eller Haandlinefangsten lider derved. Ligesaa kan der ogsaa ved Vedtægt fastsættes Regler angaaende Redsænkning af Fiskeføde og Fiskenes Opfærding paa Søen.

Endvidere kan der ved Vedtægt gjøres Forbud mod Hvalfælves Flænsning fra aabne Baade for en kortere eller længere Tid af Aaret.

Enhver Vedtægt bør indeholde nøiagtig Forskrift angaaende det til dens Overholdelse nødvendige Tilsyn og angaaende Afholdelsen af Omkostningerne derved.

Nr. 28.
14.
desbr.

7. grein.

Fyrir brot móti löggilttri samþykkt má ákveða sektir frá 1—100 króna, er tilfalli fátækra sjóði. Þó má ákveða þeim, er kemur brotinu upp, allt að helming sekta.

8. grein.

Með afbrot gegn samþykktunum skal fara sem opinber lögreglumál.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 14. dag desbrm. 1877.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.

§ 7.

For Overtrædelse af en autoriseret Vedtægt kan der bestemmes Bøder af 1—100 Kr.,
som tilfalde vedkommende Fattigkasse. Dog kan der tillægges Angiveren indtil det Halve
af Bøderne.

Nr. 28.
14de
Decbr.

§ 8.

Overtrædelse af Vedtægterne skulle behandles som offentlige Politisager.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 14de December 1877.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.